

Fundur í Rótarýklúbbi Akureyrar:

Fyrsti fundur starfsársins og fundur 3892 frá upphafi.

Fundurinn var í umsjón Botnsnefndar og stjórnar. Aðalfyrirlesari kvöldsins var Umdæmisstjórinn okkar Bjarni Grímsson og með honum hér í kvöld var eiginkona hans Brynja Eggertsdóttir og er okkar klúbbur sá fyrsti sem þau heimsækja.

Farið var í Botnsreit fyrir fund og Bjarni bætti fallegum HLYN við í Umdæmisstjórareitinn og fékk nafnið sitt skráð á spaðann góða.

Fastir liðir eins og venjulega, nokkrir voru jákvæðir og farið var yfir afmæli félaga sem hafa verið í júlí og hingað til í ágúst, samtals 5 félagar. Klappað var hraustlega fyrir þeim.

Rætt var um hvernig við eigum að bregðast við hækkun á mat hjá Múlabergi. Fundur samþykkti að leggja til að klúbburinn greiddi salarleigu fyrir hvern fund sem haldinn er á KEA og halda verðinu þannig niðri.

Næsti fundur verður **klúbbfundur** þar sem við ræðum málefni klúbbsins.

MATARHLÉ

Ekki náðist að hafa þriggja mínútna erindi þar sem umræður tóku nokkurn tíma frá okkur.

Bjarni Umdæmisstjóri var með kynningu og sagði frá starfinu framundan í vetur.

Farið með fjórprófið í lok fundar

Er það satt og rétt.....

Fundi slitið